

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjallabyggðar nr. 470/2014.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

- a) 4. tölul. B-liðar greinarinnar verður svohljóðandi:
Markaðs- og menningarnefnd fer með málefni safna samkvæmt lögum og reglugerðum þar um, verkefni á sviði ferðaþjónustu-, markaðs- og kynningarmála ásamt öðrum þeim verkefnum sem henni eru falin með erindisbréfi.
- b) Við B-lið greinarinnar bætist nýr töluliður nr. 9 og verður svohljóðandi:
Atvinnumálanefnd fer með verkefni á sviði atvinnumála ásamt öðrum þeim verkefnum sem henni eru falin með erindisbréfi.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 6. október 2014.

F. h. innanríkisráðherra,

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.